

2003100073  
7000; 9310

Austlax ehf.  
Sigfinnur Mikaelsson , framkvæmdastjóri  
Fjarðargötu 8  
710 Seyðisfjörður

Reykjavík, 29. desember 2003

### **Efni: Eldi á laxi í sjókvíum í Seyðisfirði. Allt að 1.500 t á ári. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Austlax ehf. dags. 29. október 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhugað eldi á um 1.500 t á ári af laxi í sjókvíum í Seyðisfirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 1 g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Seyðisfjarðarkaupstaðar, dýralæknis fisksjúkdóma, Hafrannsóknastofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá Seyðisfjarðarkaupstað með bréfi dags. 14. nóvember 2003, dýralækni fisksjúkdóma með bréfi dags. 17. nóvember 2003, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 24. nóvember 2003, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 17. nóvember 2003, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 3. desember 2003 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 4. desember 2003. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með símbréfum dags. 5. nóvember og 15. desember 2003 og tölvubréfi dags. 16. desember 2003.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Fram kemur í bréfi Austlax ehf. dags. 29. október 2003, að fyrirhugað sé að hefja eldi á allt að 1.500 t af laxi, á ári, í sjókvíum í Seyðisfirði. Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er fyrirhugað að nota kvíar úr þreföldum plastringjum, 90 m í þvermál, sem hafi komið vel út í Færeyjum og hér við land hvað veðurálag snerti. Nætur verði með veggdypt allt að 15 m og miðjudýpt allt að 23 m. Ferkari grein er gerð fyrir umfangi framkvæmdarinnar í símbréfi framkvæmdaraðila dags. 15. desember 2003 og þar er einnig vísað til gagna með fyrri tilkynningu um allt að 8.000 t eldi á laxi, regnbogasilungi og þorski í Seyðisfirði, dags. 15. febrúar 2002, sbr. og ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 4. apríl 2003 og úrskurð umhverfisráðuneytisins dags. 15. september 2003.

Staðsetning kvíáþyrpinga er fyrirhuguð á þremur stöðum í Seyðisfirði. Undir Háubökkum verða seiði höfð fyrsta árið á svæði sem verður um 1 km að lengd og um 150 m breitt, 70-150 m frá landi og sjávardýpi 20-40 m. Í Sörlastaðavík verður fiskur alinn frá öðru ári til slátrunar í kvíum á svæði sem verður um 1,5 km að lengd og um 200 m breitt, 50-200 m frá landi á 20-60 m sjávardýpi. Í Selstaðavík verður fiskur alinn frá öðru ári til slátrunar í kvíum á svæði sem verður um 2 km að lengd og 200 m að breidd, 70-150 m frá landi á 20-45 m dýpi.

Áætluð ársframleiðsla er allt að 1.500 t þegar stöðin verður fullbyggð. Fram kemur að fóðurnotkun geti orðið allt að 1.800 t á ári og sé magn köfnunarefnis í fóðri um 7% sem samsvari 126 t og magn fosfórs um 1% sem samsvari 18 t. Áætlað er að af þessum efnum muni um 50 t af köfnunarefni og um 7 t af fosfór fara í að byggja upp lífmassa stöðvarinnar, en það sem eftir standi, 76 t af köfnunarefni og 11 t af fosfór, muni dreifast út í umhverfið.

Engar byggingaframkvæmdir eru fyrirhugaðar á landi, a.m.k. fyrst um sinn, en hluti sjókvíanna verður innan netlaga.

Í framlögðum gögnum Austlax ehf. kemur fram það álit að framkvæmdin og starfsemi sem henni fylgir skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

### **Almennt**

Í umsögnum Seyðisfjarðarkaupstaðar, dýralæknis fisksjúkdóma, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Hafrannsóknastofnunarinnar, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra kemur fram að starfsemin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Seyðisfjarðarkaupstaðar er vísað til fyrri afstöðu bæjarráðs til fiskeldis í Seyðisfirði, í bréfi dags. 28. febrúar 2002, þar sem fram kemur að eldið skuli ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum. Auk þess liggja fyrir að umhverfisáhrif frekara eldis í firðinum verði metin.

### **Áhrif mengunar frá lífrænum úrgangi á burðarþol og lífríki í Seyðisfirði**

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki séu taldar líkur á að fyrirhugað 1.500 t fiskeldi í Seyðisfirði hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér vegna formfræðilegra, vatnafræðilegra eða annarra sérstakra aðstæðna í vatninu hvað varðar áhrif á botndýralíf eða mengun viðtaka, sbr. skilgreiningu á síður viðkvæmum svæðum í reglugerð nr. 789/1999 um fráveitur og skolp.

### **Áhrif sjókvíaeldis á erfðablöndun, sjúkdóma og sammögnun með öðru eldi.**

Í umsögn dýralæknis fisksjúkdóma segir að umfang þessa fyrsta áfanga. þ.e. 1.500 t af laxi á ári, sé aðeins tæpur fimmtungur af áður kynntum heildar eldisáformum innan Seyðisfjarðar og hafi forsendur út frá heilbrigðissjónarmiði á engan hátt breyst. Sérfræðingar séu í stórum dráttum sammála um hvaða sjúkdómsvaldar koma helst við sögu og áhrif þeirra á fiska í villtu umhverfi. Niðurstöður rannsókna megi heimfæra yfir á íslenskt sjókvíaeldi og ekki sé þörf á að endurtaka mat á þessum þáttum í hvert sinn sem ný stöð hyggst hefja starfsemi á nýju svæði. Ekki sé þörf á að fyrirhugað eldi á laxi í sjókvíum í Seyðisfirði verði háð mati á umhverfisáhrifum hvað varðar fisksjúkdóma og áhrif þeirra á villta laxa- og silungastofna.

Í umsögn veiðimálastjóra er vísað til umsagnar um eldi á 8.000 t af laxi, regnbogasilungi og

þorski í sjókvíum í Seyðisfirði, dags. 26. febrúar 2003. Fram kemur að í nýjum tillögum sé gert ráð fyrir mun minna magni en í fyrri áætlun, eða 1.500 t af laxi. Í ljósi þess og þeirra upplýsinga sem þegar hafi fengist við gerð matsskýrslu fyrir laxeldi í Reyðarfirði sé fallist á að framkvæmdin verði ekki háð mati á umhverfisáhrifum með því skilyrði að unnin verði matsskýrsla vegna 5.000 t eldis á laxi í Seyðisfirði í samræmi við fyrri ákvarðanir.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji ekki ljóst hver áhrif framkvæmdarinnar verði m.t.t. hugsanlegrar erfðablöndunar, sjúkdómahættu og sammögnunaráhrifa með öðrum áformum í fiskeldi. Því sé mikilvægt að áhrif framkvæmdarinnar á ofangreinda þætti liggi ljós fyrir. Stofnunin telur að veruleg hættu sé á erfðablöndun og sjúkdómum í villtum laxastofnum vegna stóraukins fiskeldis hér við land og því sé fyllsta ástæða til að gæta varúðar. Bent er á að Seyðisfjörður liggi nær laxveiðiám í Vopnafirði en þeir firðir sem laxeldi hefur áður verið leyft í, þ.e. Reyðarfjörður, Mjóifjörður og Berufjörður, en samkvæmt norskum heimildum sé talið að árlega sleppi um 2-5 % laxa úr kvíaeldi. Erfitt sé að meta hvar hættumörkin liggi nákvæmlega hvað varðar hugsanleg umhverfisáhrif, s.s. vegna sjúkdóma og hættu á erfðablöndun. Líkt og með sjúkdóma hljóti hættu á erfðablöndun og hættu á samkeppni villtra laxa við eldisfisk um búsvæði að aukast eftir því sem sífellt fleiri laxeldisstöðvar dreifist á firði Austurlands, frá Berufirði til Seyðisfjarðar og gera megi ráð fyrir að meira magn fiska sleppi. Nýlegar erlendar rannsóknir sýni að stöðug blöndun eldisfisks við villta laxastofna leiði til minni hæfni þeirra og möguleika á að villtum laxastofnum sem eru viðkvæmir fyrir verði útrýmt. Fram kemur að einungis séu 1.500 t af laxi í framleiðslu á Austfjörðum, þrátt fyrir heimildir fyrir 22.000 t ársframleiðslu og ekki séu líkur á að fyrirhugað 1.500 t eldi í Seyðisfirði hafi skaðleg áhrif hvað varðar mengun viðtaka eða á botndýralíf. Því sé ólíklegt að framkvæmdin hafi veruleg umhverfisáhrif í för með sér miðað við þá framleiðslu sem er á svæðinu í dag, enda verði hún órjúfanlegur hluti mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðarar 8.000 t framleiðslu þar sem gerð verði grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar í heild á umhverfið þ.m.t. vegna hættu á erfðablöndun og sammögnunaráhrifum með öðru fiskeldi sem þegar hefur verið heimilað á Austfjarðasvæðinu.

Í svari framkvæmdaraðila við umsögnum eru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við þær, nema þann þátt er varðar sammögnunaráhrif með öðru fiskeldi á Austurlandi. Framkvæmdaraðili telur útilokað að hægt sé að krefjast jafn viðamikilla rannsókna af einu fyrirtæki um þátt er snýr að allri framtíðaruppbyggingu fiskeldis á Austurlandi og víðar, þennan þátt hljóti hið opinbera að þurfa að sjá um.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða eldi á allt að 1.500 t af laxi í sjókvíum í Seyðisfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1 g í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í framlögðum gögnum, með fyrri tilkynningu um allt að 8.000 t eldi á laxi, regnbogasilungi og þorski, voru lagðar fram niðurstöður straummælinga, greiningar botnssýna og næringarsalta, mælinga á sjávarhita, seltu og súrefni og burðarþolsreikninga fyrir svæðið og samkvæmt þeim og umsögnum telur Skipulagsstofnun að ekki sé ástæða til að ætla að sjávaraðstæður í Seyðisfirði séu með þeim hætti að 1.500 t laxeldi í sjókvíum kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé vel innan burðarþolsmarka fjarðarins.

Í umsögn hefur komið fram að óvissa er um hættu á erfðamengun sem og um umfang laxeldis sem eðlilegt geti talist að heimila í sjókvíum á Austfjarðasvæðinu til viðbótar því sem þegar hefur verið heimilað. Í umsögn dýralæknis fisksjúkdóma kemur fram að ekki sé ástæða til þess að gera rannsóknir á samspili sjúkdóma milli eldisfisks og villtra fiskistofna í hverju og einu tilviki þegar farið er af stað í sjókvíaeldi.

Skipulagsstofnun tekur undir það sem fram hefur komið í umsögnum um að þrátt fyrir athuganir og rannsóknir sem lagt hefur verið í við fyrri málsmeðferð séu til staðar óvissuþættir um hversu mikil hættu er á erfðamengun af völdum laxeldis og hver áhrif af völdum sjúkdóma við fiskeldið kunna að verða sem rannsaka þarf frekar. Skipulagsstofnun telur hins vegar ekki raunhæft vegna þeirrar framkvæmdar sem hér um ræðir að leggja í umfangsmiklar rannsóknir á almennum áhrifum sjókvíaeldis á lífríki í straumvatni eða gera þá kröfu til framkvæmdaraðila að hann leggi fram upplýsingar um þá eldisframleiðslu sem eðlilegt geti talist að heimila á Austfjarðasvæðinu í heild.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, viðbótargögn framkvæmdaraðila, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að eldi á allt að 1.500 t af laxi í sjókvíum í Seyðisfirði sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulag er ekki fyrir hendi á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum. Framkvæmdirnar verða bæði innan og utan netlaga. Sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi innan netlaga, þ.e. 115 m frá landi miðað við stórstraumsfjöruborð. Skipulagsstofnun bendir á að mannvirki sem hugsanlega verða reist síðar í tengslum við starfsemina eru bundin ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. febrúar 2004.

Stefán Thors

Þóroddur F. Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Seyðisfjarðarkaupstaður, dýralæknir fisksjúkdóma, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnunin, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri.